



*Siða og samskiptareglur
Veritas og dótturfélaga
2025-2027*

Siða- og samskiptareglur

Veritas og dótturfyrirtæki hafa sett sér eftirfarandi siða- og samskiptareglur til að styðja við stefnur og gildi fyrirtækjanna. Siðareglur þessar gilda jafnt um stjórn Veritas og dótturfyrirtækja, stjórnendur og aðra starfsmenn sem og þeirra eru með verktakasamning við Veritas eða dótturfélög.

Siðareglurnar skulu endurskoðaðar eins og tilefni þykir til, en þó eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti.

Siðareglum þessum er ætlað að stuðla að samfélagslegri ábyrgð, ábyrgri ákvarðanatöku, heiðarleika, réttssýni og sanngirni í viðskiptum og efla traust viðskiptavina og almennings á Veritas og dótturfyrirtækjum. Reglunum er ætlað að vera leiðbeinandi í störfum og komi upp erfið eða flókin mál en einnig er þeim ætlað að koma í veg fyrir hverskyns hagsmunaárekstra og vafasama viðskiptahætti er rýrt geti ásýnd félaganna. Reglurnar veita leiðsögn að því er varðar ráðvendni og viðskiptasiðferði og skilgreina þær leiðir sem við förum til að forðast hvers kyns óviðeigandi hegðun, spillingu, mútur og brot í starfi og til að mæta margskonar áskorunum í starfi okkar. Reglurnar veita einnig leiðsögn um úrræði ef til þess kemur að þær eru brotnar eða fram hjá þeim farið.

Starfsfólk Veritas samstæðunnar leggur sig fram um að starfa á eins gagnsæjan hátt og unnt er í samræmi við góða stjórnarhætti og viðskiptatrúnað. Starfsfólkið tekur ekki þátt í verkefnum sem geta kastað rýrð á orðspor samstæðunnar eða dregið úr trausti.

Starfsfólk Veritas samstæðunnar hefur einsett sér að hafa hreinskiptni, framsækni og áreiðanleika að leiðarljósi í öllum sínum störfum. Gildin eru forsenda þess að styrkja traust og stuðla að jákvæðu langtímasambandi á milli fyrirtækjanna, starfsfólksins, viðskiptavina, birgja og samfélagsins.

Veritas samstæðan starfar samkvæmt lögum nr. 40/2020 um vernd uppljóstrara og hefur sett sér sérstakar verklagsreglur til að tryggja að uppljóstrarar njóti verndar samkvæmt lögum og innri stefnu. Allar tilkynningar um möguleg brot eru meðhöndlaðar með trúnaði og án neikvæðra afleiðinga fyrir starfsfólk í samræmi við gildandi lög.

Það er á ábyrgð stjórnenda að starfsmenn kynni sér siða- og samskiptareglur og framfylgi þeim. Starfsmönnum er skylt að tilkynna ef þeir telja að brotið hafi verið gegn siða- og samskiptareglunum í aðgerðum eða ákvörðunum innan samstæðunnar. Slík mál á að tilkynna til yfirmanna, mannauðsstjóra, lögfræðings eða stjórnar. Í samræmi við stefnu samstæðunnar um vernd uppljóstrara eru enginn viðurlög við tilkynningum.

Brot á siða og samskiptareglum getur leitt til fyrirvaralausrar brottvikningar úr starfi.

Vinnustaðurinn okkar

Vinnuumhverfi

Veritas tryggir góðar vinnustæður fyrir alla starfsmenn og stuðlar að jafnvægi milli vinnu og einkalífs.

Launajafnrétti

Veritas gætir fyllsta jafnréttis við ákvörðun launa og annarra starfskjara. Starfsfólk samstæðunnar skal njóta jafnræðis við mat á launakjörum óháð kyni. Þannig skal allt starfsfólk fá greidd sambærileg laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf. Öll fyrirtæki samstæðunnar hafa hlotið jafnalaunavottun.

Veritas leggur jafnframt áherslu á mikilvægi einstaklingsbundinnar frammistöðu og að framúrskarandi starfsfólk vaxi í starfi og að starfskjör þeirra taki mið af þeim árangri.

Ráðningar

Við ráðningu í störf hjá félögunum skal ætíð leggja áherslu á að ráða hæfasta umsækjandann í hverja stöðu, óháð kyni eða öðrum þáttum. Auglýst störf skulu standa öllum kynjum opin til umsóknar.

Einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni

Einelti, kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og annað ofbeldi verður ekki undir neinum kringumstæðum umborið, hvorki á vinnustaðnum né á öðrum starfstengdum viðburðum. Sérstök útgefin stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og öðru ofbeldi er í gildi varðandi þessa þætti. Starfsfólk kemur fram við annað starfsfólk sem og viðskiptavinum af virðingu, háttvísi og heiðarleika.

Persónuvernd

Veritas virðir öryggi persónuupplýsinga og starfar eftir stefnum félagsins á sviði persónuverndar. Starfsfólk fær reglulega þjálfun í meðferð persónuupplýsinga.

Góðir viðskiptahættir

Þjónusta

Veritas leggur áherslu á heiðarleika, gagnsæi og trúverðugleika í samskiptum.

Virk samkeppni

Veritas starfar í samkeppnisumhverfi og hlítir samkeppnislögum. Starfsfólk hefur það sérstaklega í huga að samkeppni ríkir ekki einungis milli Veritas og dótturfyrirtækja og aðila utan hennar, heldur einnig milli fyrirtækja innan samstæðunnar og deilda innan fyrirtækjanna. Stjórnendur, starfsmenn markaðsdeilda sem og aðrir tilgreindir sérfræðingar fá þjálfun varðandi markmið, tilgang og gildissvið samkeppnislaga. Brot á samkeppnislögum varða við hegningarlög.

Hagsmunaárekstrar

Ef minnsti vafi leikur á árekstrum milli hagsmuna samstæðunnar, persónulegra hagsmuna starfsmanna, stjórnarmanna, hluthafa eða fyrirtækja sem þessir aðilar tengjast, skal ávallt upplýsa framkvæmdastjóra félagsins, mannauðsstjóra eða lögfræðing samstæðunnar.

Trúnaðar og þagnarskylda

Starfsfólk Veritas virðir þagnarskyldu um allt það sem það er varðar hag viðskiptavina og birgja. Skyldan felur það meðal annars í sér að upplýsa aldrei óviðkomandi aðila um trúnaðarupplýsingar. Þagnar- og trúnaðarskyldan gildir bæði utan og innan þess félags sem starfsfólk starfar hjá.

Persónuleg hegðun starfsfólks

Upplýsingaöryggi

Starfsfólk Veritas fylgir stefnu samstæðunnar um upplýsingaöryggi og fylgir viðeigandi verklagi innan samstæðunnar er varðar upplýsingaöryggi, þ.m.t. vel skilgreindum aðgangsheimildum að gögnum og vinnurýmum.

Hegðun og umgengi á vinnustað

Starfsfólk gengur snyrtilega um vinnustaðinn okkar og skilur hvorki eftir trúnaðargögn né persónulega muni þegar það yfirgefur vinnustöð. Starfsfólk leitast við að koma fram af virðingu og umburðarlyndi við samstarfsfólk og viðskiptavini fyrirtækisins. Áreitni, einelti eða baktal er aldrei liðið og skal tilkynnt til yfirmanna eða mannauðssdeildar.

Hegðun og umgengi utan vinnustaðar

Starfsfólk skal ávallt hafa í huga að hegðun þess utan vinnustaðar og vinnutíma getur haft áhrif á orðspor og ímynd Veritas samstæðunnar. Það á meðal annars við um tjáningu á samfélagsmiðlum, opinberum viðburðum eða annað sem getur verið tengt samstæðunni í augum almennings.

Ytri samskipti

Starfsfólk skal ekki tala fyrir hönd Veritas né dótturfélaga né birgja samstæðunnar í fjölmiðlum. Þegar starfsfólk er að starfa fyrir birgja, þ.m.t. erlendis, þá skal það ekki birta myndir á persónulegum samfélagsmiðlum. Starfsfólk þiggur hvorki gjafir, né þjónustu eða persónulegan greiða sem geta haft áhrif á viðskipti. Það skal ekki þiggja boðsferðir nema slík ferð hafi skýran viðskiptalegan tilgang. Í samskiptum við heilbrigðisstarfsmenn, varðandi námsferðir og fríðindi, fylgir starfsfólk gildandi landslögum, samskiptareglum Frumtaka og verklagsreglum samstæðunnar.